

Uppruni, fjölskylda, menntun og störf

Ég fæddist á Ísafirði 23. nóvember 1949 og ólst þar upp við ástríki og öryggi.

Foreldrar: Salóme Margrét Guðmundsdóttir, húsmóðir og verslunarmaður, f. 1.8. 1923 í Hnífsdal, og Jón Örnólfur Bárðarson, kaupmaður og iðnrekandi, f. 9.7. 1918 í Bolungavík, d. 10.8. 1989.

Systkin: Bárður Guðmundur, f. 3.6. 1948, d. 20.10. 1949, og Friðrik Ragnar verkfræðingur og forstjóri í Kanada, f. 16.5. 1956.

Hálfróðir sammæðra: Grétar Guðmundur Steinsson, fv. verslunarmaður, búsettur í Svíþjóð f. 17.2. 1941.

Maki: Bjarnfríður Jóhannsdóttir sjúkraliði á Líknardeild Landakots, f. 16.2. 1946. Við gengum í hjónaband 19. júní 1973 og höfum því verið í hjónabandi í tæp 39 ár.

Foreldrar maka: Sigríður Jónsdóttir húsmóðir (frá Vatnsnesi í Keflavík), f. 25.10. 1924, d. 20.3. 2010, og Jóhann Hjartarson, húsa- og húsgagnasmíðameistari í Keflavík, f. 30.1. 1921.

Börn: Svala Björk húsmóðir og nemi í Lúxemborg, f. 15.12. 1975 og Örn Bárður nemi við Háskólann í Reykjavík, f. 25.12. 1982.

Stjúpbörn: Jóhann Freyr Aðalsteinsson starfsmaður EFTA í Genf, f. 1.3. 1965, og Aðalbjörg Drífa Aðalsteinsdóttir verslunarmaður í Reykjavík, f. 15.5. 1966.

Barn með Ragnheiði Jónasdóttur, ritara í Reykjavík, f. 2.9. 1948: Hrafnhildur, MA, myndlistarmaður í New York, f. 2.12. 1969.

Barnabörn okkar Bjarnfríðar eru 11.

Sem barn sótti ég kirkju og samkomur á vegum Hjálpræðishersins og hjá Salem Hvítasunnnumanna á Ísafirði. Þá var ég skáti og tók þátt í stúkustarfi.

Menntun

Verslunarpróf frá VÍ 1969. Starfsmám í endurskoðun hjá löggiltum endurskoðanda 1969-1972. Námskeið í viðskiptafræði við University of Maryland 1971. Nám í guðfræði hjá Youth With A Mission í Englandi 1977-1978. Guðfræðiþróf frá HÍ 1984. Doctor of Ministry-próf frá Fuller Theological Seminary í Kaliforníu 1995. Nám í spænsku við Universidad de Malaga á Spáni 2000. Las prédikunar- og boðmiðlunarfræði (homiletics) við Yale Divinity School í New Haven Connecticut í Bandaríkjunum 2009.

Starfsferill: Starfsmám í endurskoðun 1969-1972.

Framkvæmdastjóri Silfurtúns hf. 1972-1978 og Arnarbakka h.f. Fulltrúi við Útvegsbanka Íslands 1978-1979. Djákni í Grensássókn 1979. Næturvörður á sambýli þroskaheftra hjá Styrktarfélagi vangefinna með námi í HÍ 1980-1984. Aðstoðarprestur í Garðasókn 1984-1985 og sóknarprestur í Grindavíkurstakalli 1985-1990. Verkefnisstjóri á Biskupsstofu 1990-1995. Fræðslustjóri kirkjunnar 1995-1999. Settur prestur í Neskirkju 1999 -2000 og aftur 2001-2002. Skipaður prestur í Neskirkju 2002 og sóknarprestur 2004. Þjónaði söfnuði ensku biskupakirkjunnar (Church of England) í Malaga á Spáni 2001.

Önnur störf: Í alþjóðastjórn hreyfingarinnar Lútersk hjónahelgi 1987-1989 og leiðbeinandi á mörgum slíkum námskeiðum 1985-1995. Í héraðsnefnd Kjalarnesprófastsdæmis 1987-1990. Í stjórn Nordisk kirkelig studieråd frá 1990-2000. Ritari stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar og formaður unglínganefndar 1995-1999. Í skólaráði Skálholtsskóla 1995-1999. Í stjórn Kirkjuhússins/Skálholtsútgáfunnar um árabíl. Ritari Kristnihátíðarnefndar 1993-1999 og afmælisnefndar vegna kristnitöku frá 1993-1999. Kosinn á stjórnlagabætur 2010. Fulltrúi í stórnlagaráði 2011. Fulltrúi í stjórn stjórnlagaráðs. Varformaður A-nefndar ráðsins sem fjallaði um m.a. um mannréttindi, auðlindir, umhverfi og dýravernd. Formaður Hollvínasamtaka líknardeilda frá 2011.

Ritstörf og fleira

„Karismata“ - Lokaritgerð við HÍ um náðargáfurnar í Nýja testamentinu.

Þýddi í samvinnu við dr. Einar Sigurbjörnsson ritið Skírn, máltíð drottins og embætti 1984.

Discipling a Nation: Parish Renewal Within the Evangelical Lutheran Church of Iceland, Doctor of Ministry-ritgerð, 1995.

Kirkjan í upphæðum, Könnun á fjarreiðum sókna 1994.

Í ritnefnd Víðförla, fréttabréfs Biskupsstofu 1986-1988 og ritstjóri 1998-1999.

Smásagnasafnið Íslensk fjallasala og fleiri sögur, 2002.

Pistlahöfundur í Vesturbæjarlaðinu í áraaðir. Hef skrifað á annað hundrað greinar og pistla í dagblöð og á netið.

Gekkst fyrir gerð 90 sjónvarpsþátta fyrir börn sem sýndir voru í Sjónvarpinu.

Hef flutt fyrirlestra, og ritað greinar, um trúmál hérlendis og erlendis.

Mikill fjöldi prédikana minna og líkræðna er birtur á netinu bæði sem texti og hljóð. Þegar þetta er ritað eru prédikanirnar á netinu 172, pistlar 120 og líkræður 277.

Ýmislegt sem hefur mótað mig á lífsleiðinni

Ég starfaði sem verslunarmaður frá 10 ára aldri, öll sumur, jóla- og páskafrí fram undir tvítugt og kynntist þar fólki af öllum stigum og lærði að þjóna öllum jafnt.

Vann í vegavinnu sumarið 1965.

Vann um tíma við byggingu Búrfellsvirkjunar 1969.

Störf á kirkjulegum vettvangi

Leikmaður í Grensáskirkju.

Vígður djákni af Sigurbirni Einarssyni biskupi 1979 til Grensáskirkju. Starfaði þar meðfram námi í HÍ.

Vígður prestur 1984 af Pétri Sigurgeirssyni biskupi sem aðstoðarprestur í Garðasókn.

Kjörinn sóknarprestur í Grindavík 1985-1990.

Kom á laggirnar Lútherskri hjónahelgi (LH) 1985. Samtökin halda nokkur námskeið á ári og hefur verið biðlisti að þeim í 27 ár. LH er hreyfing sem á hljóðlátan hátt opnar augu fólks fyrir trú og kirkju. Sat í evrópustjórn LH. Sat í alþjóðastjórn LH.

Stýrði Explo 85 sem var fyrsta alþjóðlega ráðstefna sem haldin var á Íslandi og jafnframt tengd öðrum stöðum í öllum heimsálfum í gegnum gervihnattasjónvarp.

Verkefnisstjóri Safnaðaruppbyggingar 1990-1995.

Sótti um starf hjá Alkirkjuráðinu - komst í úrtak 2ja af um 100 umsækjendum.

Fræðslustjóri Þjóðkirkjunnar 1995-1999.

Gegndi jafnframt starfi verkefnisstjóra Safnaðaruppbyggingar um tíma þar til dr. Sigurður Árni Þórðarson var ráðinn í það verkefni.

Vann að mörgum verkefnum sem fræðslustjóri og sat m.a. í stjórn Skálholtsútgáfunnar.

Stuðlaði að því að námskeiðið „Konur eru konum bestar“ var kennt víða um land.

Réði fólk til að semja „Námskrá fermingarstarfanna“ og sá um útgáfu.

Prestur í Neskirkju 1999-2004.

Kom á fermingarnámskeiði að sumarlagi árið 2000 og samdi fermingarkver Neskirkju í samvinnu við aðra. Kverið og námskeiðið er nú kennt í nokkrum söfnuðum.

Sóknarprestur Neskirkju 2004-

Lagði hugmyndafræðilegan grunn að byggingu nýs safnaðarheimilis sem er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi þar sem rekið er kaffihús, netkaffi og fleira. Húsið er hugsað sem yfirbyggt torg og göngugata þar sem eru fyrirlestrarsalir og skrifstofur.

Fyrirlestrar um málefni líðandi stundar. Hélt úti á fyrstu árum mínum í Neskirkju hádegisfundum um trú og þjóðfélagsmál undir heitinu Nýsi og nasl.

Kom á saltfiskdögum á föstu til að skapa umræðu um trú og efnahagslíf. Saltfiskur tengir saman fiskveiðar, vinnslu, utanríkisverslun og trúmál en helstu markaðir fyrir saltfisk um aldir hafa verið í kaþólsku löndunum í S-Evrópu.

Samdi námskeið um Postulasöguna í NT og kenndi tvisvar. Hef einnig haldið mörg önnur námskeið um bækur GT og NT. Hef haldið 13 Alfa-námskeið.

Þá hef ég sótt kirkjulegar ráðstefnur og fundi í mörgum löndum og heimsálfum.

Önnur félagsstörf

Gekk í Frímúrararegluna 1976. Hef átt sæti í Æðstaráði reglunnar frá 2007. Á 5. tug presta eru frímúrarar.